

Bænir

Faðir vor

Fögur er foldin,
heiður er Guðs himinn,
indæl pílgríms ævigöng.
Fram, fram um víða
veröld og gistum
í Paradís með sigursöng.

Kynslóðir koma,
kynslóðir fara,
allar sömu ævigöng.
Gleymist þó aldrei
eilífa lagið
við pílgrímsins gleðisöng.

Fjárhirðum fluttu
fyrst þann söng Guðs englar,
unaðssöng, er aldrei þver:
Friður á foldu,
fagna þú, maður,
frelsari heimsins fæddur er.

Matthías Jochumsson - Lag frá Sléstu

Moldun

Guðs kristni í heimi, krjúp við jötu lága.
Sjá konungur englanna fæddur er.
Himnar og heimar lát lofgjörð hljóma.
Ó, dýrð í hæstu hæðum.
Ó, dýrð í hæstu hæðum.
Guðs heilagi sonur, ó dýrð sé þér.

Hann ljós er af ljósi, Guð af sönnum Guði,
einn getinn, ei skapaður, sonur er.
Orðið varð hold í hreinnar meyjar skauti.
Ó, dýrð í hæstu hæðum.
Ó, dýrð í hæstu hæðum.
Guðs heilagi sonur, ó dýrð sé þér.

Sjá himnarnir oppnast. Hverfur nætursorti,
og himneskan ljóma af stjörnu ber.
Heilagan lofsöng himinhvolfín óma.
Ó, dýrð í hæstu hæðum.
Ó, dýrð í hæstu hæðum.
Guðs heilagi sonur, ó dýrð sé þér.

Valdemar V. Snævarr - John F. Wade

Blessun

Eftirspil

In dulce jubilo

J.S. Bach



Prestur: Jóna Hrönn Bolladóttir
Organisti: Jóhann Baldvinsson
Söngur: Kammerkórinn Lúx

*Ástvinir þakka auðsýnda vináttu og samúð og biðja viðstadda
að þiggja veitingar í Safnaðarheimili kirkjunnar
að athöfn lokinni*

Guð blessi ykkur öll.



Þuríður Ólafsdóttir

Fædd 19. febrúar 1935

Dáin 12. desember 2023

*Útför frá Vídalínskirkju
fimmtudaginn 21. desember 2023*

Forspil:
Slá þú hjartans hörpustrengi
Valdimar Briem – J. S. Bach

Signing

Bæn

Sjá, himins opnast hlið,
heilagt englalið
fylking sú hin fríða
úr fagnaðarins sal,
fer með boðun blíða
og blessun lýsa skal,
:: yfir eymdardal. ::

Með fegins fregn ég kem:
Fæðst í Betlehem
blessað barn það hefur,
er birtir Guð á jörð,
frið og frelsi gefur
og fallna reisir hjörð.
:: Þökk sé Guði gjörð. ::

Á hæstri hátíð nú
hjärtfólgin trú
honum fagni‘ og hneigi,
af himni‘ er kominn er,
sál og tunga segi
með sætum engla her:
:: „Dýrð sé, Drottinn, þér“. ::
Björn Halldórsson í Laufási – Þýskt lag

Ritningarlestur

Lítu sérhvert sólarlag

Sérhver draumur lifir aðeins eina nótt.
Sérhver alda rís en hnígur jafnan skjótt.
Hverju orði fylgir þögn – og þögnin hverfur allt of fljótt.

En þó að augnablikið aldrei fylli stund
skaltu eiga við það mikilvægan fund
því að tár sem þerrað burt – aldrei nær að græða grund.

Þú veist að tímans köldu fjötra enginn flýr.
Enginn frá hans löngu glímu aftur snýr.
Því skaltu fanga þessa stund – því fegurðin í henni býr.

Lítu sérhvert sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísum að.
Bragi Valdimar Skúlason

Ritningarlestur

Það aldin út er sprungið
og ilmar sólu mót
sem fyrr var fagurt sungið
af friðri Jesserót.
Og blómstrið það á þrótt
að veita vor og yndi
um vetrar miðja nótt.

Þú ljúfa lilju rósin
sem lífgar heilið kalt
og kveikir kærleiks ljósin
og krýnir lífið allt.
Ó, Guð og maður greið
oss veg frá öllu illu
svo yfirvinnum deyð.

Matthías Jochumsson – Þýskt lag

Guðspjall

Með bæninni kemur ljósið

Þegar næðir í mínu hjarta og í huga mér engin ró
og ég þrái að sjá hið hjarta sem að áður í mér bjó
þá er lausnin alltaf nálæg, ef um hana í auðmýkt bið
og með bæninni kemur ljósið og í ljósinu finnst ég frið.

Ó, svo dapur er dagur vaknar,dægurþrasið svo fjarri er.
Mundu þegar þú sárast saknar og sólin skín hvergi nærri þér
að í bæn er falinn máttur er þig magnar þúsundfalt
því með bæninni kemur ljósið og í ljósinu lagast allt.

Ég vil mæta þessum degi,fagna öllu sem fyrir ber
og ég bið þess að ég megi njóta alls sem hann gefur mér.
Ef ég bið á hverjum degi, hef ég von sem aldrei deyr
því með bæninni kemur ljósið og í myrkri ég geng ei meir.
Páll Óskar Hjálmtýsson og Brynhildur Björnsdóttir. – Írskt þjóðlag



Minningarorð

Yndislega eyjan mín,
ó, hve þú ert morgunfögur!
Úðaslæðan óðum dvín,
eins og spegill hafið skín,
yfir blessuð björgin þín
breiðir sólin geislakögur
Yndislega eyjan mín,
ó, hve þú ert morgunfögur!

Sólu roðið sumarský
svífur yfir Helgafelli.
Fuglar byggja hreiður hlý.
Himindögginn fersk og ný
glitrar blíðum geislum í,
glæðleg anga blóm á velli.
Sólu roðið sumarský
svífur yfir Helgafelli.

Yndislega eyjan mín,
ó, hve þú ert morgunfögur!
Líti ég til lands mér skín
ljómafögur jöklasýn,
sveipar glóbjart geislalín
grund og dranga, sker og ögur.
Yndislega eyjan mín,
ó, hve þú ert morgunfögur!

Sigurðbjörn Sveinsson – Brynjólfur Sigfússon

